

2. gr.

19

Síðasta málsgr. 2. gr. laganna fellur niður.

13. apríl

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. apríl 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

L Ö G

20

16. apríl

um breyting á lögum nr. 29 9. apríl 1947, um vernd barna og ungmenna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 1. málsgr. 37. gr. laganna kemur ný málsgr., svo hljóðandi:

Hefja skal þegar undirbúning að stofnun og rekstri vistheimilis fyrir stúlkur. Ríkisstjórninni er heimilt að leita eftir hentugu húsnæði, sem til kann að vera, fyrir vistheimilið og gera samning um afhendingu þess og afnot. Enn fremur er henni heimilt að taka til þessara nota húsnæði, sem ríkið á eða hefur umráð yfir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

21

27. apríl

um lækningaferðir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Það er hlutverk laga þessara að auðvelda fólki í byggðum, sem langt eiga að sækja til augnlæknis, háls-, nef- og eyrnalæknis og tannlæknis, að ná til þessara sérfræðinga og njóta þjónustu þeirra.

21

27. apríl

2. gr.

Í því skyni, sem í 1. gr. getur, semur ráðherra við nægilega marga hlutaðeigandi sérfræðinga um árlegar lækningaferðir um landið með viðkomu og hæfilega langri dvöl á þeim stöðum, þar sem ætla má, að þjónustu þeirra sé mest þörf og hennar verði auðveldast og almennast notið.

Þegar því verður við komið, skal fela einum sérfræðingi hverrar greinar að ferðast um tiltekinn landshluta, og ef unnt er þeim sérfræðingi, sem búsettur er í þeim landshluta.

3. gr.

Verja má fé úr ríkissjóði til styrktar lækningaferðum, eftir því sem fjárlög heimila á hverjum tíma.

Það er kvöð á því sveitarfélagi, þar sem sérfræðingur í lækningaferð samkvæmt lögum þessum hefur viðdvöl, að það sjái honum fyrir viðunandi ókeypis húsnæði til starfa sinna, svo sem í sjúkrahúsi eða læknisbústað staðarins, skólahúsi, samkomuhúsi eða annars staðar, eftir því sem á stendur.

4. gr.

Lög þessi ganga í gildi þegar í stað, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 12 25. jan. 1934, um augnlækningaferðir.

Gjört í Reykjavík, 27. apríl 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

22

3. maí

L Ö G

um breytingar á almennum hegningarlögum, nr. 19 frá 12. febr. 1940.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

30. gr. laganna orðist svo:

Um heimild dómsmálaráðherra til að fresta ákæru skilorðsbundið og til að ákveða, að saksókn skuli niður falla, fer eftir ákvæðum 56. gr. þessara laga svo og 24. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 27 frá 5. marz 1951.

2. gr.

Fyrirsögn VI. kafla laganna orðist svo:

Um skilorðsbundna frestun ákæru og skilorðsbundna dóma.

3. gr.

56. gr. laganna orðist svo:

Þegar aðili hefur játað brot sitt, er dómsmálaráðherra heimilt að fresta um tiltekinn tíma ákæru til refsingar út af því, eins og hér segir: